

2020-
2022

Áætlun um foreldrasamstarf í Húsaskóla



Innihald

1. INNGANGUR	2
2. FORELDRASAMSTARF Í HÚSASKÓLA	3
2.1. FRAMKVÆMD	3
2.2. HLUTVERK BEKKJARFULLTRÚA HÚSASKÓLA	5
3. SAMSTARFSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2017-2018	7
4. MAT Á GÆÐUM FORELDRASAMSTARFS	10

1. Inngangur

Menntun barna er sameiginleg ábyrgð skóla og heimila og með samvinnu aukast líkur á góðum námsárangri og aukinni vellíðan barna. Stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan þeirra. Velferð nemenda verður því best tryggð í góðu samstarfi foreldra og skóla. Áætlun um foreldrasamstarf í Húsaskóla miðar að því að bæta líðan og nám nemenda skólans. Til að ná settum markmiðum verður markvisst unnið að því að:

- stuðla að jákvæðu viðhorfi
- stuðla að góðri samvinnu við heimilin
- þátttöku foreldra í skólastarfinu
- veita reglulega upplýsingar um nám og líðan nemenda
- halda námskeið, fræðslu- og kynningafundi fyrir foreldra

Hlutverk kennara felst meðal annars í virkri upplýsingagjöf til foreldra um nám og líðan nemenda. Þeir eiga að sýna jákvætt viðhorf gagnvart foreldum og nemendum. Þeir bjóða foreldrum í heimsókn í skólann bæði á ákveðna viðburði eða á opnar vikur og sjá til þess í samstarfi við bekkjarfulltrúa að haldin séu bekkjarkvöld. Huga að móttöku nýrra nemenda og upplýsa nýja foreldra um bekkjarstarfið. Þeir skipuleggja einnig foreldra- og nemendaviðtöl að hausti og við annarskil.

Hlutverk foreldra er meðal annars að taka virkan þátt í starfi barna sinna og bekkjarins. Þeir bera ábyrgð á heimanámi og sjá til þess að þau sé með tilheyrandi námsgögn í töskunni sinni. Mikilvægt hlutverk þeirra er að veita skólanum nauðsynlegar upplýsingar sem varða nám og líðan barnanna.

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólastóri ábyrgð á stofnun foreldrafélags. Foreldrafélagið samanstendur af bekkjarfulltrúum sem sjá meðal annars um hina ýmsu viðburði í skólanum og sitja foreldrar frá hverjum árgangi í stjórn félagsins. Í Húsaskóla sér foreldrafélagið til að mynda um skipulagt foreldrarölt um hverfið og sjá um og koma að viðburðum eins og vorhátíð, jólaföndri og páskabingói. Úr foreldrafélaginu eru tilnefndir tveir fulltrúar í skólaráð. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

Hlutverk stjórnenda er að hafa yfirumsjón með góðu samstarfi á milli skóla og foreldra. Þeir sjá meðal annars um að senda reglulega út fréttabréf til foreldra og koma upplýsingum á framfæri á heimasíðu skólans ásamt því að flytja fréttir af skólastarfinu reglulega.

Lögð er áhersla á samstarf við grenndarsamfélagið eins og leikskólana í hverfinu, Skólahljómsveit Grafarvogs, frístundaheimilið Kastali/Turn, Brúarhús og Korpúlfa sem eru samtök eldri borgara í Grafarvogi.

2. Foreldrasamstarf í Húsaskóla

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Í stefnu Skóla- og frístundasviðs er lögð áhersla á að foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar.

Í stefnu Húsaskóla er eitt af aðalmarkmiðum:

Að stuðla að góðu samstarfi við foreldra. Ánægðir foreldrar hafa jákvæð áhrif á nám og líðan barnsins. Lögð er áhersla á góða samvinnu við heimilin, góða upplýsingamiðlun og þátttöku foreldra í skólastarfinu. Skólinn hefur það að markmiði að hafa upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu, í fréttabréfum og tilkynningum. Opin og virk samskipti eru mikilvæg ef upp koma erfiðleikar eða vandamál og eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólann ef eitthvað kemur uppá. Haldin eru ýmis námskeið og fræðslu- og kynningafundir fyrir foreldra.

Foreldrar fá reglulega upplýsingar um bekkjarstarfið og námsáætlanir/heimanám og námsframvindu nemenda í gegnum Mentor frá umsjónarkennara og faggreinakennurum. Á heimasíðu skólans eru reglulega fréttir af ýmsu markverðu í skólastarfinu auk annarra upplýsinga er varða skólann s.s. skóladagatal, stoðþjónusta, áætlun gegn einelti og fjölmargt annað sem varða skólastarfið.

Áhersla er lögð á að bjóða foreldrum á ýmsar upptakomur í skólanum og kynna þannig það sem verið er að vinna í skólanum. Þá eru foreldrar hvattir til að taka virkan þátt í foreldrafélagi skólans og hafa áhrif á skólaþróun.

2.1. Framkvæmd

Á heimasíðu skólans er að finna helstu upplýsingar um skólastarfið. Þar eru fréttir úr skólastarfi ásamt myndum, nöfn starfsmanna og netföng, upplýsingar um foreldrafélag Húsaskóla og skólaráð. Þar má finna starfsáætlun, matseðla og skóladagatal. Heimasíðan er uppfærð reglulega og foreldrar hvattir til að nýta sér hana, enda er hún lifandi upplýsingaveita skólans.

Starfsmenn nota tölvupóst til að senda foreldrum upplýsingar um skólastarfið. Þeir fá vikulega póst frá umsjónarkennara þar sem sagt er frá viðburðum vikunnar sem er að líða og hvað er framundan í næstu viku. Einnig eru upplýsingar um stærri viðburði birtar á heimasíðu. Þannig er leitast við að tryggja jafnt upplýsingaflæði til allra heimila. Foreldrar geta tilkynnt veikindi barna sinna gegnum skráninga- og upplýsingakerfið Mentor.is eða hringja í ritara skólans. Kennarar birta heimavinnuáætlanir í Mentor og þar geta foreldrar séð stundatöflur og bekkjarlista ásamt ástundun síns barns. Í Mentor er einnig dagbók þar sem hægt er að skrá upplýsingar um hóp eða einstaka nemendur. Tvisvar yfir veturinn eru skipulagðir foreldrafundir þar sem foreldrar mæta með börnum sínum til viðtals við umsjónarkennara.

Reglulega er foreldrum boðið í heimsókn í skólann t.d. með því að hafa „Opna viku“ einu sinni á hvorri önn og við lok þemaverkefna. Allt skólaárið eru foreldrar velkomnir í heimsókn í Húsaskóla til að fylgjast með námi barna sinna.

Umsjónarkennari gegnir veigamiklu hlutverki sem tengiliður heimilis og skóla þar sem hann hefur yfirsýn yfir stöðu barnsins. Hver kennari er með viðtalstíma einu sinni í viku. Helstu upplýsingar milli kennara og foreldra fara á milli í gegnum Mentor, tölvupóst og heimasíðu skólans. Í upphafi skólaárs eru haldnir foreldrafundir þar sem kennarar og foreldrar fara saman yfir skipulag og væntingar komandi skólaárs. Auk þess eru samráðsfundir nemenda, kennara og foreldra tvisvar á ári.

Skólaráð hittist einu sinni í mánuði frá ágúst til júní. Þar eru rædd ýmis málefni sem lúta að skólastarfinu og eru í brennidepli á hverjum tíma. Fundargerðir ráðsins eru birtar á heimasíðu skólans. Tveir fulltrúar foreldra, kosnir til tveggja ára á aðalfundi Foreldrafélags Húsaskóla, sitja í skólaráði.

Í upphafi skólagöngu 1. bekkinga er foreldrum boðið á kynningafundi þar sem skólinn er kynntur. Fulltrúi úr foreldrafélaginu kynnir starf foreldrafélagsins og bekkjarfulltrúar eru valdir. Fyrsti fundurinn fer fram að vori áður en skólaganga hefst og sá seinni að hausti eftir að skólaganga er hafin. Umsjónarkennarar boða nemendur og foreldra barna í 1. bekk til viðtals við upphaf skólaárs og kynna vetrarstarfið framundan og þær áherslur sem þeir leggja í kennslunni.

Á skólasetningardegi eru haldnir kynningarfundir fyrir nemendur og foreldra í 2.-7. bekk þar sem námsefni og starfið er kynnt, ásamt því að ræða almennt um ýmislegt sem viðkemur skólastarfinu s.s. heimavinnu, bekkjarreglur og samskipti.

Í Húsaskóla er öflugt foreldrafélag. Allir foreldrar nemenda í Húsaskóla eru lögbundnir aðilar að félaginu. Hlutverk félagsins, samkvæmt 2. gr. laga félagsins, er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Markmið félagsins er að vinna í hvívetna að heill og hamingju nemenda skólans og hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu. Foreldrafélagið heldur ýmsa viðburði s.s. haustbingó, jólaföndur, páskabingó, fræðslufundi, vorhátíð, o.fl. Einnig sér foreldrafélagið um foreldrarölt. Stjórn félagsins kemur ýmsum upplýsingum til foreldra í gegnum bekkjarfulltrúa sem eru starfandi í öllum bekkjardeildum og til skólaráðs í gegnum fulltrúa foreldra í skólaráði. Stjórn foreldrafélagsins fundar einu sinni í mánuði. Stjórnina skipa formaður, gjaldkeri, ritari og einn bekkjarfulltrúi úr hverjum árgangi í skólanum en kosið er um stjórn á aðalfundi félagsins sbr. 4 gr. laga Foreldrafélags Húsaskóla. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu skólans.

Lestaráttak hófst í Húsaskóla haustið 2014. Til að ná auknum árangri í læsi var farið af stað með áttak í lestri í öllum árgöngum skólans í samstarfi við foreldra. Nemendur fá lestrarhefti þar sem foreldrar kvitta fyrir heimalestur. Skólinn sér um eftirfylgni með heimalestrinum. Höfum við haldið í þessa hefð.

2.2. Hlutverk bekkjarfulltrúa Húsaskóla

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Þeir gegna hlutverki verkstjóra með því að halda utan um verkefni og miðla þeim áfram. Þeir eru tengiliðir foreldra og umsjónarkennara ef koma þarf sérstökum málum á framfæri við stjórn foreldrafélags eða skólaráð.

Æskilegt er að bekkjarfulltrúar séu minnst tveir til fjórir í hverjum árgangi og a.m.k. einn komi úr hverjum umsjónarhópi. Foreldrar hvernar bekkjardeildar velja nýjan bekkjarfulltrúa í síðasta lagi fyrir lok maí ár hvert og situr a.m.k. einn fulltrúi áfram frá fyrra skólaári. Það er á ábyrgð fráfaramandi bekkjarfulltrúa að leitast við að útvega fulltrúa í sinn stað. Fráfaramandi bekkjarfulltrúum ber að miðla upplýsingum og gögnum sem tengjast foreldra- og bekkjarstarfi til nýrra fulltrúa.

Bekkarfulltrúar fyrir væntanlegan 1. bekk eru valdir á kynningarfundum foreldra í skólanum að vori eða í síðasta lagi á fyrsta fundi að hausti.

Stjórn foreldrafélagsins boðar bekkjarfulltrúa á a.m.k. tvo fundi á vetri, í 1.-2. viku skólaársins og í 2.-3. viku janúar. Á þessum fundum er farið yfir verkefni vetrarins og raðað í verkefnahópa. Fulltrúar verkefnahópa bera ábyrgð á framkvæmd verkefnanna og fá til liðs við sig foreldra.

Fastir stjórnarfundir skulu standa bekkjarfulltrúum opnir og eru þeir hvattir til að koma á framfæri hugmyndum foreldra sem miða að því að efla samstarf og jákvæðan anda í foreldrastarfi.

Einn bekkjarfulltrúi úr hverjum árgangi situr í stjórn foreldrafélagsins. Bekkarfulltrúar hvers árgangs koma sér saman um hver þeirra býður sig fram til stjórnarsetu og í hvaða röð hinir eru til vara. Kosið er um stjórn á aðalfundi sbr. 4 gr. laga. Foreldrafélags Húsaskóla.

Nánar um hlutverk bekkjarfulltrúa:

- Hann kallar saman foreldra barnanna í bekknum eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Í fyrra skiptið í upphafi skólaárs, eigi síðar en í lok septembermánaðar og seinna skiptið eftir annarskil í janúar, eigi síðar en í lok febrúarmánaðar.
- Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra/forráðamanna og nemenda auk þess að leitast við að treysta samband heimila og skóla innan hvernar bekkjardeildar.
- Bekkarfulltrúar fylgjast með því að foreldrastarfið sem ákveðið er í bekknum sé framkvæmt, t.d. bekkjarkvöld, viðburðir, foreldrarölt og umræðufundir. Stefnt skal að því að halda a.m.k. tvær uppákomur/skemmtanir á hverjum vetri.
- Bekkarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við umsjónarkennara og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri þegar þess er þörf.

- Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir bekkjarins við foreldrafélagið og skólaráð og situr einn fulltrúi í stjórn foreldrafélagsins.
- Bekkjarfulltrúar leggja sig fram um að hlusta eftir sjónarmiðum nemenda varðandi andann í bekknum, bekkjarstarfið og störf foreldra í bekknum.
- Bekkjarfulltrúar fylgjast með komu nýrra nemenda, bjóða velkomna og virkja inn á Facebook síður árganga.
- Bekkjarfulltrúar aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu eftir því sem við á, t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningar og heimsóknir foreldra í bekkinn.
- Bekkjarfulltrúar skulu gæta þess að hafa velferð nemenda, foreldra og kennara að leiðarljósi í bekkjarstarfinu og virða trúnað um persónulega hagi nemenda og foreldra.

3. Samstarfsáætlun fyrir skólaárið 2020-2022

Foreldrasamstarf sem er í gangi allt skólaárið

Tími	Verkefni	Ábyrgðaraðilar	Markmið
Ágúst-júni	<ul style="list-style-type: none"> • Fréttabréf frá stjórnendum • Fundur með skólaráði • Vikupóstur frá umsjónakennurum • Upplýsingar settar í Mentor varðandi heimanám, dagbókafærslur, ástundun og námsmat • Teymisfundir • Lestrarátök 	<ul style="list-style-type: none"> • Stjórnendur • Kjörnir fulltrúar í skólaráði • Umsjónakennarar • Stjórnendur, umsjónakennarar, sérgreinakennarar • Stjórnendur, umsjónakennari og foreldrar • Stjórnendur, umsjónakennarar og foreldrar 	<ul style="list-style-type: none"> • Koma mikilvægum upplýsingum til foreldra og upplýsa um skólastarfið. • Á skólaráðsfundum eru rædd ýmis málefni sem lúta að skólastarfinu og eru í brennidepli á hverjum tíma • Með vikupósti eru umsjónakennarar að koma mikilvægum upplýsingum til foreldra um næstu viku og einnig að upplýsa hvernig gekk í vikunni sem var að líða. • Upplýsa foreldra um heimanám, ástundun, námsmat og hegðun. • Teymisfundir eru samráðsfundir sem haldnir eru vegna einstaka nemenda. Þessir fundir eru haldnir eftir þörfum og óskum ábyrgðaraðila. • Bæta læsi hjá nemendum.

Foreldrasamstarf ágúst-júní

Tími	Verkefni	Ábyrgðaraðilar	Markmið
Ágúst-sept.	<ul style="list-style-type: none"> Kynningarfundir/ skólasetning Námskynningar Bekkjarkvöld (sept.-nóv.) 	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnendur, umsjónakennarar. Stjórnendur og umsjónarkennari. Bekkjarfulltrúar í hverjum árgangi í samstarfi við umsjónarkennara. 	<ul style="list-style-type: none"> Kynna skólastarfið og helstu áherslur á komandi skólaári. Umsjónarkennari kynnir námsefni vetrarins og fer yfir helstu þætti sem viðkoma námi bekkjarins. Nemendur, foreldrar og umsjónarkennari fá tækifæri til að hittast fyrir utan hefðbundinn skólatíma og kynnast betur.
Október	<ul style="list-style-type: none"> Foreldra- og nemendaviðtöl Þemavika Bekkjarkvöld (sept.-nóv.) Haustbingó 	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnendur, umsjónakennarar og foreldrar. Stjórnendur, umsjónakennarar, list og verkgreinakennarar og foreldrar. Bekkjarfulltrúar í foreldrafélaginu. Foreldrar nemenda í 7. bekk. 	<ul style="list-style-type: none"> Umsjónarkennari upplýsir foreldra um líðan og námsstöðu nemandans. Þessi viðtöl eiga að vera leiðbeinandi fyrir nemandann á jákvæðan hátt. List- og verkgreinakennarar eru einnig til viðtals á þessum degi. Foreldrar sérstaklega boðnir velkomnir í skólann í þessari viku. Fá tækifæri til að fylgjast með vinnu nemenda og kynna sér skólastarfið. Kynna fulltrúa og starfsemi foreldrafélagsins. Tækifæri fyrir skólasamfélagið að koma saman og 7. bekk gefið kost á að safna peningum fyrir Reykjarferð.

Nóvember	<ul style="list-style-type: none"> • Bekkjarkvöld (sept.-nóv.) 	<ul style="list-style-type: none"> • Bekkjjarfulltrúar í hverjum árgangi í samstarfi við umsjónakennara. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fá tækifæri til að hittast fyrir utan hefðbundinn skólatíma og kynnst betur.
Desember	<ul style="list-style-type: none"> • Jólafröndur foreldrafélagsins • Helgileikur 7. bekkur 	<ul style="list-style-type: none"> • Foreldrar nemenda í 2. og 5. bekk og kaffisala foreldra nemenda í 7. bekk. • Umsjónarkennari í 7. bekk. 	<ul style="list-style-type: none"> • Tækifæri fyrir skólasamfélagið að koma saman og 7. bekk gefin kostur á að safna peningum fyrir Reykjarferð. • 7. bekkur sýnir helgileikinn fyrir nemendur skólans. Foreldrar eru velkomnir á forsyningu. Undirbúningur fyrir sýninguna er mikill og gaman fyrir nemendur að sýna foreldrum afraksturinn.
Janúar	<ul style="list-style-type: none"> • Foreldra- og nemendaviðtöl 	<ul style="list-style-type: none"> • Umsjónarkennari, list og verkgreinakennarar og foreldrar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Umsjónarkennari upplýsir foreldra um líðan og námsstöðu nemandans. Þessi viðtöl eiga að vera leiðbeinandi fyrir nemandann á jákvæðan hátt. List- og verkgreinakennarar eru einnig til viðtals á þessum degi.
Febrúar	<ul style="list-style-type: none"> • Bekkjarkvöld (jan.-maí) 	<ul style="list-style-type: none"> • Bekkjjarfulltrúar í hverjum árgangi í samstarfi við umsjónarkennara 	<ul style="list-style-type: none"> • Fá tækifæri til að hittast fyrir utan hefðbundinn skólatíma og kynnst betur.
Mars	<ul style="list-style-type: none"> • Opin vika • Bekkjarkvöld (jan.-maí) • Upplestrarkeppnin hjá 7. bekk • Páskabingó foreldrafélagsins (2 vikur fyrir páska) 	<ul style="list-style-type: none"> • Stjórnendur, umsjónakennarar, list og verkgreinakennarar og foreldrar. • Bekkjjarfulltrúar í hverjum árgangi í samstarfi við umsjónarkennara • Stjórnendur, umsjónarkennari í 7. bekk. • Foreldrar nemenda í 1. og 4. bekk, kaffisala foreldra nemenda í 6./7. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> • Foreldrar sérstaklega boðnir velkomnir í skólann í þessari viku. Fá tækifæri til að fylgjast með vinnu nemenda og kynna sér skólastarfið. • Fá tækifæri til að hittast fyrir utan hefðbundinn skólatíma og kynnst betur. • Keppendur lesa fyrir foreldra á sal skólans í undankeppni fyrir Stóru-Upplestrarkeppnina. • Tækifæri fyrir skólasamfélagið að koma saman og 6./7. bekk gefin kostur á að safna peningum upp í Reykjarferð.
Apríl	<ul style="list-style-type: none"> • Bekkjarkvöld (jan.-maí) 	<ul style="list-style-type: none"> • Bekkjjarfulltrúar í hverjum árgangi í samstarfi við umsjónarkennari 	<ul style="list-style-type: none"> • Fá tækifæri til að hittast fyrir utan hefðbundinn skólatíma og kynnst betur.

Maí -júní	<ul style="list-style-type: none"> 7. bekkur Reykjaferð 	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnendur í Húsa-, Hamra- og Foldaskóla, 7. bekkjar umsjónarkennari ásamt umsjónakennuru m frá Folda- og Hamraskóla og foreldrar. 	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur í Húsa- Hamra og Foldaskóla fá tækifæri til að kynnst áður en þeir sameinast í unglíngadeild Foldaskóla. Markmið búiðanna er m.a. að efla félagsfærni nemenda.
	<ul style="list-style-type: none"> 6. bekkur á Úlfjótuvatn 	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnendur og umsjónarkennarar 	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur í 6. bekk fara í skólábúðir á Úlfjótuvatn. Markmiðið er að efla sjálfstraust þeirra og félagsfærni.
	<ul style="list-style-type: none"> Vorhátíð 	<ul style="list-style-type: none"> Foreldrar nemenda í 3. og 6. bekk og kaffisala foreldra nemenda í 6. bekk. Stjórnendur og kennarar. 	<ul style="list-style-type: none"> Tækifæri fyrir skólasamfélagið að koma saman og og 6./7. bekk gefin kostur á að safna peningum upp í Reykjarferð. Einnig til að sýna afrakstur af vinnu nemenda eftir skólaárið.
	<ul style="list-style-type: none"> Skólaslit 	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnendur, umsjónakennarar 	<ul style="list-style-type: none"> Að hitta nemendur í lok vorannar og láta þá hafa vitnisburðarblöð. Foreldrar velkomnir. Nemendur í 7.bekk eru útskrifaðir við hátíðlega samverustund nemenda, foreldra og starfsfólk skólans.

4. Mat á gæðum foreldrasamstarfs

Áætlun um foreldrasamstarf í Húsaskóla miðar að því að bæta líðan og nám nemenda skólans. Til að ná settum markmiðum verður markvisst unnið að því að:

- stuðla að jákvæðu viðhorfi
- stuðla að góðri samvinnu við heimilin
- þátttöku foreldra í skólastarfinu
- veita reglulega upplýsingar um nám og líðan nemenda
- halda námskeið, fræðslu- og kynningafundi fyrir foreldra

Viðhorf foreldra til skólans er könnuð annað hvert ár með foreldrakönnun á vegum Skóla- og frístundasviðs. Hitt árið er könnun á vegum Húsaskóla á ýmsum þáttum s.s. gagnsemi foreldraviðtala, upplýsingagjöf og fleira. Fylgst er með þátttöku foreldra í skólastarfinu er reynt eftir megni að haga viðburðum þannig að auðvelt sé fyrir foreldra að taka þátt.